

Nd.

849. Nefndarálit

[271. mál]

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Þó að halda megi fram með nokkrum rökum að skortur á löggjöf hafi auðveldað jákvæða og öra þróun mála í framhaldsskólum er tímabært að setja um þá rammalöggjöf. Frumvarp það, sem nú liggur fyrir deildinni til 2. umr., er um margt ágætt, en þó er þar ýmislegt sem Kvinnalístinn getur ekki sætt sig við og leggur því fram töluvert margar breytingartillögur.

Síðbreytilegar aðstæður í þjóðfélaginu kalla á öfluga og góða framhaldsskóla þar sem stöðug endurskoðun fer fram. Hlutverk framhaldsskóla mótast annars vegar af þörfum þeirra einstaklinga sem hann sækja, hins vegar af þörfum þjóðfélagsins í nútíð og framtíð. Að álitum Kvinnalístans eru engir betur færir um að standa vel að verki í mótun og þróun skólafélagsins en þeir sem næst því standa og því nauðsynlegt að tryggja sjálfsforræði skólanna. En það er einmitt í stjórnunarþætti frumvarpsins sem helstu agnúa þess er að finna að mati Kvinnalístans.

Tvær meginástæður liggja til grundvallar skoðun Kvinnalístans. Í fyrsta lagi er það andstætt hugmyndum okkar um valddreifingu að lítilli fimm manna nefnd, samsettri af fjórum pólitískt kjörnum fulltrúum og einum skipuðum af menntamálaráðherra, séu veitt svo mikil völd og áhrif bæði um þróun skóla, innra starf, námsbrautir og rekstur. Í öðru lagi þykja okkur fagleg sjónarmið fyrir borð borin með þessu fyrirkomulagi. Eru þau þó virt í frumvarpinu þegar fjallað er um sérstaka fagmenntun, svo sem iðnnám eða nám í sjávarútvegsfræðum. Einnig er að finna í frumvarpinu ákvæði um sem viðtækust samráð við atvinnulífið. En þegar að hinni almennu menntun kemur eiga pólitískt kjörnir fulltrúar að hafa vit fyrir fagfólki, nemendum og öðrum þeim sem starfa innan veggja skólans.

Menntamálanefnd bærust umsagnir frá flestum framhaldsskólum í landinu, samtökum kennara, skólameistara o.fl. og kallaði auk þess til viðtals ýmsa aðila. Það gekk eins og rauður þráður í gegnum umsagnir og viðtöl með örfáum undantekningum að gjalda varhug við of miklu valdi skólanefnda. Þar fara því skoðanir Kvinnalístans og skólafólks saman. Þessu til stuðnings skal vitnað til eftirfarandi umsagna:

1. Í umsögn kennslumálanefndar HÍ segir m.a.:

„Þó að við viljum að mestu leiða hjá okkur ákvæði frumvarpsins um stjórn framhaldsskóla gerum við okkur ljóst að þau geta haft varanleg áhrif á það hversu vandað og markvisst starf verður unnið í skólunum. Eitt mikilsverðasta atriðið í þessu samhengi er ákvæði 6. greinar um skipun skólanefnda. Okkur er ljóst að heilbrigður metnaður hins almenna borgara á skólasvæðinu getur vissulega orðið skólanum lyftistöng ef rétt er á haldið. Dæmi um slíkt eru vel þekkt bæði hér á landi og erlendis. Hins vegar er ekki víst að þetta sé tryggt með þeirri tilhögun að skólanefnd sé eingöngu skipuð mönnum sem þiggja umboð sitt frá ráðherra og sveitarfélögum. Meðal annars felur slíkt fyrirkomulag í sér hættu á því að skólanefndir sinni einkum fjármálum skólanna og skoði allt skólafélagið í ljósi þeirra og hefði þá lítið áunnist. Þessu mætti hins vegar breyta með ýmsu móti, t.d. með því að í skólanefnd væru tveir fulltrúar kosnir beinni einstaklingsbundinni kosningu á skólasvæðinu um leið og sveitarstjórnarkosningar fara fram.“

2. Í umsögn Bandalags kennarafélaga segir m.a.:

„BK telur að skólanefndin samkvæmt frumvarpinu sé bæði of fámenn og valdamikil um innri mál skólans. Þar vantar einnig fulltrúa kennara sem er algert skilyrði af hálfu

BK enda í anda atvinnulýðræðis nútímans. Eðlilegt verður að teljast að skólanefnd fjalli um fjármál og rekstur skólans en hins vegar alls óeðlilegt að fela henni innri stjórn.“

3. Í ályktun fundar kennara við Menntaskólann við Sund segir m.a.:

„Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að pólitískt kjörnar nefndir, ein fyrir hvern skóla, fari hér eftir með skólastjórn, þar með einnig stjórn þeirra mála sem hingað til hafa verið í höndum kennara og skólastjóra. Þarna er að okkar dómi vegið stórlega að sjálfstæði skólanna þegar kennarar og skólastjórar eru nánast sviptir öllum ráðum.“

Þær breytingartillögur, sem liggja frammi á þskj. 850, hníga flestar í þá átt að draga úr valdi skólanefnda, en fela það í staðinn skólaráði sem skipað er fulltrúum nemenda og kennara. Auk þess ætlum við faggreinafélögum, deildastjórn o.fl. stærri hlut en gert er ráð fyrir í frumvarpinu eins og það liggur fyrir. Í stuttu máli vill Kvinnalistinn draga úr áhrifum pólitískt kjörinna fulltrúa, en auka að sama skapi áhrif skólafólks. Með tilliti til þess sem segir í upphafi nefndarálits um jákvæða þróun framhaldsskólakerfisins þegar skólafólk ræður ferðinni telur Kvinnalistinn með öllu óverjandi að svipta það nú því forustuhlutverki.

Ein breytingartillagan er um stofnun mótuneyta við framhaldsskóla og um að nemendur greiði einungis hráefniskostnað. Að áliti Kvinnalistans er þetta mikið nauðsynjamál sem stuðlar að heilsuvernd og hollustuháttum, auk þess sem breyttir þjóðfélagshættir kalla á þessa starfsemi í öllum skólum.

Að þessum tillögum samþykktum leggur 1. minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1988.

Þórhildur Þorleifsdóttir.